

Stjórnarfundur Félags eldri borgara á Akureyri 6. janúar 2015

Fundargerð 9

Níundi stjórnarfundur Félags eldri borgara á Akureyri starfsárið 2014-2015 var haldinn í Bugðusíðu þriðjudaginn 6. janúar. Þessir voru mættir: Sigurður Hermannsson, Halldór Gunnarsson, Arnheiður Kristinsdóttir, Guðbjörg Bjarman, Anna G Thorarensen Karl E Steingrímsson, Einar Gunnarsson og varamenn; Kolbrún Kristjánsdóttir, Númi Adólfsson, Aldís Björnsdóttir.

Formaður félagsins Sigurður Hermannsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Mál – Ritari félagsins Halldór Gunnarsson las fundargerð stjórnar frá 2. desember 2014 og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Mál – Heimsókn formanns og framkvæmdastjóra LEB

Formaður félagsins greindi frá því að formaður og framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara (LEB) hafi tilkynnt um komu sína til Akureyrar 14. janúar n.k. Að því tilefni verður boðað til almenns félagsfundar í Bugðusíðu og hefst fundurinn kl. 13:30. Með þessum fundi gefst félagsmönnum kostur á að heyra um hvað efst er á baugi hjá landssambandinu og spyrja gestina spurninga varðandi starfsemina og þau málefni sem unnið er að fyrir eldri borgara á landsvísu. Fundurinn verður auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins.

3. Mál - Endurskoðun á lögum félagsins

Formaður hóf umræðu um þennan dagskrárlið og dreifði til fundarmanna ljósritum af lögum félags eldri borgara í Kópavogi og í Reykjavík. Fram kom í máli formanns að Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Sigurður Jóhannesson eru tilbúin að starfa í nefnd ásamt formanni félagsins að endurskoðun á lögum félagsins (sjá síðustu fundargerð stjórnar). Málið rætt nokkuð og í lok umræðunnar hvatti formaður stjórnarmenn til að senda nefndinni hugmyndir að endurbótum á lögnum. Stjórnin gerir ráð fyrir að breyting á lögum félagsins verði gerð á næsta aðalfundi.

4. Mál - Færeyjaferð

Formaður gerði grein fyrir þessum dagskrárlið. Fram kom að félagsmönnum stendur til boða að ferðast til Færeyja 2.-5. apríl n.k. í beinu flugi frá Akureyri. Verð pr. mann er um kr. 92.000. Innifalið er flug, gisting á hóteli, morgunverður og rúta milli hótels og flugvallar. Málið töluvert rætt og ætlar formaður að funda með ferðanefnd félagsins um málið á allra næstu dögum.

5. Mál – Fundur með samfélags- og mannréttindaráði

Formaður greindi frá því að fundur með samfélags- og mannréttindaráði Akureyrarbæjar og fulltrúum stjórnar félagsins verði haldinn í Bugðusiðu 15. janúar n.k. Á fundinum munu fulltrúar félagsins kynna ráðinu starfsemi félagsins. Þá er einnig á dagskrá fundarins að ræða stofnun öldunaráðs í bæjarfélaginu. Sigurður Guðbjörg og Anna eru fulltrúar stjórnar félagsins í viðræðum við Akureyrarbæ um stofnun öldungaráðs. Formaður hvatti aðra stjórnarmenn til þess að mæta á fundinn.

6. Mál – Önnur mál

a) Formaður greindi frá því að forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri hefði haft samband og tilkynnt að búið væri að panta augnsteinamælingatæki fyrir sjúkrahúsið. Eins og kunnugt er samþykkti stjórn félagsins á fundi sínum þann 2. desember 2014 að veita sjúkrahúsinu (Hollvinum SA) styrk að upphæð kr. 1.500.000 til tækjakaupa og voru þessi tæki m.a. höfð í huga. Þessi upphæð fer í þessi tækjakaup auk framlags frá SA.

b) Arnheiður Kristinsdóttir fulltrúi stjórnar og formaður hugmyndakassanefndar greindi frá gangi mála varðandi störf nefndarinnar. Kom fram að af ýmsum ástæðum hefur vinnan gengið hægar en ætlað var. Framundan eru fundir og gerir Arnheiður ráð fyrir að skriður komist á málið á næstu vikum. Málið töluvert rætt og áhersla lögð á að nefndin taki sér þann tíma sem þarf til að vinna þetta verkefni. Tímaramma samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar má auðveldlega breyta að mati stjórnarinnar.

c) Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 3. febrúar 2015 kl. 10:00 á skrifstofu félagsins í Bugðusiðu.

d) Viðvera næstu fimmtudaga er sem hér segir

Þann 8/1 Anna og Halldór

Þann 15/1 Aldís og Kolbrún

Þann 22/1 Númi og Karl

Þann 29/1 Arnheiður og Guðbjörg

Þann 5/2 Sigurður og Einar

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundarritari – Halldór Gunnarsson